## 1. FRÁRENNSLI

**ALMENNT:**
ALLAR FRÁRENNSLISLAGNIR Í JÖRÐ SKULA VER A.M.K DN100. STÆRÐIR ERU TEKNAR FRAM Á TEIKNINGUM. LAGNIR UTAN SÖKKULS SKULU GRAFNAR NIÐUR Á FROSTFRÍTT DÝPI.

UNDIR PÍPUR SKAL LEGGJA 150mm JÖFNUNARLAG ÚR SANDI SEM ÞJAPPAST VANDLEGA. HÆÐ JÖFNUNARLAGSINS SKAL HÆFA BELG PÍPANNA OG SKAL TAKA FYRIR MÚFFUM EFTIR ÞJÖPPUN ÞESS. LÖGNIN SKAL VERA BEIN MILLI STEFNUBREYTINGA. SANDA SKAL YFIR LAGNIR ÞANNIG AÐ A.M.K. 150 mm SANDLAG SÉ YFIR LÖGN ÁÐUR EN AÐ FYLLT ER MEÐ ÖÐRUM JARÐVEGI.

GRUNNLAGNIR (UPPBEYGJUR) AÐ STÚTUM TÆKJA OG NIÐURFÖLLUM SKAL GERA MEÐ TVEIMUR 45° BEYGJUM, ÁSAMT MINNKUN EF MEÐ ÞARF, ÞANNIG AÐ STÚTHÆÐ VERÐI 200mm UNDIR GÓLF- EÐA JARÐYFIRBORÐI.

HALLI Á LOGNUM ER SÝNDUR Á TEIKNINGUM OG ER GEFINN UPP Í mm/m EÐA ‰. LÁGMARKSHALLI Á FRÁRENNSLISRÖRUM ER:

| | |
|---|---|
| SKOLPLÖGN | 20 ‰ |
| REGNVATNSLÖGN | 10 ‰ |
| JARÐVATNSLÖGN | 5 ‰ |

ATH! ÞAR SEM ER FYRIRSKRIFAÐ PVC MÁ NOTA ANNAÐ VIÐURKENNT LAGNAEFNI. ÞAR SEM FYRIRSKRIFAÐ ER PP KG2000, PEH, BDR SKAL ÞAÐ NOTAÐ EÐA ANNAÐ MEÐ SAMBÆRILEGA YTRI BURÐARGETU.

**JARÐVATNSLÖGN:**
JARÐVATNSLÖGN ER ÚR GÖTUÐUM PVC EÐA BDR PLASTPÍPUM. UNDIR PÍPUR SKAL LEGGJA 150mm JÖFNUNARLAG ÚR SANDI SEM ÞJAPPAST VANDLEGA. HÆÐ JÖFNUNARLAGSINS SKAL HÆFA BELG PÍPANNA OG SKAL TAKA FYRIR MÚFFUM EFTIR ÞJÖPPUN ÞESS. LÖGNIN SKAL VERA BEIN MILLI STEFNUBREYTINGA.

AÐ PÍPUM SKAL SÍÐAN FYLLA MEÐ ÞVEGINNI SJÁVARMÖL (DRENMÖL) ER HAFI KORNASTÆRÐ 15-35mm. MALARFYLLINGIN SKAL NÁ AÐ MINNSTA KOSTI 200mm UPP FYRIR OG ÚT FYRIR PÍPURNAR. YFIR MALARFYLLINGU SKAL SÍÐAN LEGGJA SÍUDÚK 1000mm BREIÐANN. SJÁ SÉRMYND

**SKOLPLÖGN UTANHÚSS:**
SKOLPLAGNIR UTANHÚSS ERU PLASTPÍPUR ÚR PVC, PEH, VDR EÐA KG2000 MEÐ GÚMMÍÞÉTTIHRINGJUM. NOTA SKAL LAGNIR MEÐ AUKNU BURÐARÞOLI (SN8) ÞAR SEM UMFERÐ ER EÐA JARÐVEGSDÝPI YFIR 4 METRA. SAMSKEYTI ERU SOÐIN EÐA SETT SAMAN MEÐ MÚFFUM MEÐ ÞÉTIHRINGJUM.

**SKOLPLÖGN Í GRUNNI:**
SKOLPLAGNIR Í GRUNNI ERU ÚR PVC EÐA KG2000 MEÐ GÚMMÍÞÉTIHRINGJUM.

**REGNVATNSLÖGN:**
RAGNVATNSLAGNIR UTANHÚSS ERU ÚR PVC, PRD, PEH EÐA KG 2000.

**FRÁRENNSLISLAGNIR INNANHÚSS:**
ALLAR FRÁRENNSLISLAGNIR INNANHÚSS SKULU VERA ÚR HLJÓÐEINANGRANDI PLASTPÍPUM, T.D. RAUPIANO FRÁ REHAU OG ER LÁGMARKSHALLI ÞEIRRA 20 ‰. MIKILVÆGT ER AÐ FARIÐ SÉ EFTIR LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA UM FESTINGAR Á HLJÓÐEINANGRANDI PÍPUM VIÐ VEGGI OG LOFT.

### LÍNUGERÐIR:

FRAMRÁS HITAVEITU
BAKRÁS HITAVEITU
HEITT NEYSLUVATN
KALT NEYSLUVATN
BLANDAÐ NEYSLUVATN
GÓLFHITI
SKOLPLAGNIR
REGNVATNSLAGNIR
JARÐVATNSLAGNIR

6. ROTÞRÓ

VIÐ FRÁGANG ROTÞRÓAR SKAL GÆTA ÞESS AÐ ALLUR LÍFRÆNN JARÐVEGUR SÉ FJARLÆGÐUR ÚR ROTÞRÓARSTÆÐINU OG SKAL ROTÞRÓIN HVÍLA Á KLÖPP EÐA VEL ÞJÖPPUÐUM HRAUNPÚÐA EÐA GRÚSARFYLLINGU. SÉ NOTUÐ GRÚS SKAL ÞJAPPA HANA Í 20 -30 cm LÖGUM. ROTÞRÓIN SKAL FYLLT AF VATNI ÁÐUR EN FYLLT ER AÐ HENNI. ÚTLOFTUN SKAL VERA FRÁ FREMSTA HÓLFI ROTÞRÓAR.

7. SANDSÍUN

FRÁRENNSLI FRÁ ROTÞRÓ SKAL LEITT UM SITURLÖGN. LÖGNIN SKAL VERA 30 m LÖNG OG UPPBYGGÐ SKV. MEÐFYLGJANDI ÞVERSNIÐI. HALLI RÖRA Í SITURLÖGN SKAL VERA 2 - 5 ‰ OG SKULU RÖR VERA MEÐ ÚTLOFTUN Í RÖRAENDUM.

8. GRJÓTPÚKK

FRÁRENNSLI FRÁ HEITUM POTTI OG REGNVATN SKAL LEITT Í 2 - 3 m³ GRJÓTPÚKK. GRJÓTPÚKK SKAL GRAFA NIÐUR Á FAST JARÐLAG EÐA HRAUNPÚÐA. KLÆÐA SKAL UTAN UM GRJÓTPÚKK MEÐ FJÓRFÖLDUM O,2 mm PE PLASTDÚK. AFRENNSLI FRÁ PÚKKI SKAL VERA Á FROSTFRÍU DÝPI.
GRJÓT Í PÚKK SKAL VERA 15 - 20 cm Í ÞVERMÁL.

VIÐ FRÁGANG ROTÞRÓAR OG SITURLAGNAR SKAL HAFT SAMRÁÐ VIÐ HEILBRIGÐISFULLTRÚA VIÐKOMANDI SVEITARFÉLAGS.

## 2. NEYSLUVATN OG HITI

**NEYSLUVATNSLAGNIR:**
NEYSLUVATNSLAGNIR FYRIR KALT OG HEITT VATN SKAL LEGGJA ÚR PLASTPÍPUM PEX-a, DIN 16892 EÐA ÁLPEX, DIN 16892. INNSTEYPTAR LAGNIR Í GÓLFUM OG VEGGJUM SKULU VERA PLASTPÍPUR PEX-a Í PLASTBARKA, RÖR Í RÖR. SÝNILEGAR LAGNIR SKULU VERA ÚR RYÐFRÝJU STÁLI OG MEÐ PLASTKÁPU.
GERÐ ER SKILYRÐISLAUS KRAFA UM AÐ LAGNIR OG TENGISTYKKI SÉU FRÁ SAMA FRAMLEIÐANDA.

RÖR FYRIR HEITT OG KALT NEYSLUVATN SEM EKKI ERU INNSTEYPT SKULU EINANGRUÐ MEÐ GLERULLARHÓLKUM EÐA SAMBÆRILEGRI EINANGRUN. FITTINGS FYRIR KALT VATN SKAL VERA VAFIN MEÐ PLASTSTRIMLI UNDIR EINANGRUN.
RÖR Í INNVEGGJUM SKAL EINANGRA MEÐ ÁDRAGI.

LOFTPÚÐAR Á NEYSLUVATNSLÖGNUM SKULU VERA ÚR ø25 RÖRI OG 300 mm LANGIR. ÞAR SEM LOFTPÚÐAR ERU GERÐIR ÚR RYÐFRÍUM RÖRUM SKAL HEILSJÓÐA ENDA, ÓHEIMILT ER AÐ NOTA SKRÚFAÐA ENDA.

GERÐ ER KRAFA UM AÐ ALLAR LAGNIR ÚR KROSSBUNDNU POLYETHYLEN (PEX) SÉU KROSSBUNDNAR MEÐ ENGEL AÐFERÐ OG MERKT PEX-a.

ÞYKTIR Á EINANGRUNARHÓLKUM SKULU VERA ÞESSAR:
FYRIR RÖR AÐ OG MEÐ ø20 mm: 15 mm HÓLKAR
FYRIR RÖR AÐ OG MEÐ ø25 mm: 20 mm HÓLKAR

ÞAR SEM NOTAÐAR ERU LAGNIR ÚR PLASTEFNUM SKAL ÞRÝSTIPRÓFA KERFIN MEÐ ÞREPAAÐFERÐ SEM LÝST ER HÉR TIL HLIÐAR.

RÖRASTÆRÐIR DN (INNANMÁL).
DN 12 = 16x2
DN 15 = 20x2,3
DN 20 = 25x2,5
DN 25 = 32x3
DN 32 =40x4

**OFNAR OG OFNALAGNIR:**
OFNAR ERU STÁLPLÖTUOFNAR SKV. ÍST 69.1
PÍPUR FYRIR OFNALÖGN SKULU VERA SVARTAR STÁLPÍPUR, DIN 2440 EÐA DS 540. OFNAKERFIÐ SKAL ÞRÝSTIPRÓFA MEÐ KÖLDU VATNI OG 6 kg/cm². ÞRÝSTINGURINN SKAL STANDA Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA. TIL EINANGRUNAR SKAL NOTA GLERULLARHÓLKA EÐA SAMBÆRILEGT OG VEFJA ÞÁ MEÐ PLASTSTRIMLI. SÝNILEGAR LAGNIR SKULU VERA ÓEINANGRAÐAR.

RÖRASTÆRÐIR ERU NAFNMÁL.
DN 10 = $\frac{3}{8}$ "
DN 15 = $\frac{1}{2}$ "
DN 20 = $\frac{3}{4}$ "
DN 25 = 1 "
DN 32 = $1\frac{1}{4}$ "
DN 40 = $1\frac{1}{2}$ "
DN 50 = 2 "

**GÓLFHITALAGNIR:**
GÓLFHITALAGNIR SKULU VERA PEX-a LAGNIR MEÐ SÚREFNISKÁPU, DIN 16892. MIÐAÐ ER VIÐ AÐ GÓLFHITALAGNIR SÉU RAUTHERM S FRÁ REHAU. HAFT SKAL SAMRÁÐ VIÐ HÖNNUÐ EF NOTA Á LAGNIR FRÁ ÖÐRUM FRAMLEIÐANDA. GERÐ ER SKILYRÐISLAUS KRAFA UM AÐ LAGNIR OG TENGISTYKKI SÉU FRÁ SAMA FRAMLEIÐANDA.
GÓLFHITAKERFIÐ SKAL ÞRÝSTIPRÓFA MEÐ ÞREPAAÐFERÐ.

**UPPHENGJUR:**
BIL MILLI UPPHENGJA Á RÖRUM SKULU VERA SKV. UPPLÝSINGUM FRÁ FRAMLEIÐANDA RÖRA.
EFTIRFARANDI GILDI MÁ NOTA TIL VIÐMIÐUNAR.

SVÖRT OG GALVANHÚÐUÐ STÁLRÖR:

| NEFNIMÁL | BIL MILLI UPPHENGJA |
|---|---|
| ø32 OG MINNA | 2,5 m |
| ø40 - ø50 | 3,0 m |
| ø65 - ø75 | 4,0 m |

RYÐFRÍ STÁLRÖR OG MANNESMANN:

| NEFNIMÁL | BIL MILLI UPPHENGJA |
|---|---|
| ø10 - ø12 | 1,25 m |
| ø15 | 1,5 m |
| ø20 | 2,0 m |
| ø25 - ø32 | 2,25 m |
| ø40 | 3,0 m |
| ø50 | 3,5 m |
| ø65 | 4,25 m |
| ø80 | 4,75 m |
| ø100 | 5,0 m |

ALLT EFNI Í PÍPULAGNIR SKAL HAFA HLOTIÐ VIÐURKENNINGU OG VOTTUN ÍSLENSKRA BYGGINGARYFIRVALDA

## 3. SNJÓBRÆÐSLA

**ALMENNT:**
NOTA SKAL PP, PEM EÐA POLYBUTYLENRÖR, ø 25 mm AÐ YTRA þVERMÁLI MEÐ EIGINLEIKA EIGI LAKARI EIGINLEIKA EN 60 °C HITAÞOL VIÐ 6 kg/cm² ÞRÝSTING. MIÐAÐ VIÐ 50 ÁRA ENDINGARTÍMA.

DÝPT NIÐUR Á RÖR SKAL VERA 100 mm ÞAR SEM PÍPUR ERU UNDIR HELLUM, MALBIKI EÐA JARÐVEG.

LAGNAKERFIÐ SKAL ÞRÝSTIPRÓFAÐ MEÐ ÞREPAAÐFERÐ SEM LÝST ER HÉR TIL HLIÐAR.

## 4. ÞRÝSTIPRÓFUN Í ÞREPUM

**1. ÞREP**
SETJA SKAL 9 BAR ÞRÝSTING Á KERFIÐ OG BÍÐA Í 10 MÍNÚTUR. ÞÁ SKAL AUKA ÞRÝSTING AFTUR Í 9 BÖR OG BÍÐA AÐRAR 10 MÍNÚTUR OG AUKA ÞÁ ÞRÝSTING AFTUR UPP Í 9 BÖR. 10 MÍNÚTUM SÍÐAR SKAL SKRÁ ÞRÝSTINGINN NIÐUR OG BÍÐA Í 30 MÍNÚTUR. HAFI ÞRÝSTINGUR FALLIÐ MEIRA EN 0,6 BÖR ER LEKI Í KERFINU.

HAFI ÞRÝSTINGUR FALLIÐ MINNA EN 0,6 BÖR EFTIR AÐ FYRSTA ÞREP HEFUR VERIÐ FRAMKVÆMT SKAL HEFJA ANNAÐ ÞREP ÞRÝSTIPRÓFUNAR.

**2. ÞREP**
ANNAÐ ÞREP HEFST Í BEINU FRAMHALDI AF 1. ÞREPI. FYLGJAST SKAL MEÐ ÞRÝSTINGNUM Í 120 MÍNÚTUR OG MÁ HANN EKKI FALLA UM MEIRA EN 0,2 BÖR TIL AÐ KERFIÐ TELJIST ÖRUGGT.

## 5. TÁKN

| | |
|---|---|
| BDR | POLYETHYLEN PLASTRÖR, GATAÐ. |
| BK | BAÐKAR |
| BR | HREINSIBRUNNUR |
| BRSL | BRUNASLANGA |
| DF | DRYKKJARFONTUR |
| EV | ELDHÚSVASKUR |
| FP | FALLPÍPA |
| GK | GARÐKRANI / SPÚLKRANI |
| GN | GÓLFNIÐURFALL |
| GNL | GÓLFNIÐURFALL MEÐ LYKTARLOKU |
| GN70 | GÓLFNIÐURFALL MEÐ 70mm STÚT |
| GN100 | GÓLFNIÐURFALL MEÐ 100mm STÚT |
| GNG | GÓLFNIÐURFALL MEÐ GEGNUMSTREYMI |
| GN/SF | GÖTUNIÐURFALLSBRUNNUR ø250 ST MEÐ POTT KARMI, RIST OG SANDFANGI. GERT FYRIR ÞUNGA UMFERÐ |
| HL | HANLAUG |
| HR | HREINSISTÚTUR |
| J | STEYPUJÁRNSRÖR |
| KG2000 | POLYPROPYLEN PLASTRÖR FYRIR UMFERÐARÁLAG SN8 |
| LS | LAUS STÚTUR TIL RÁÐSTÖFUNAR |
| NF | NIÐURFALL UTANHÚSS |
| NP | NEYSLUVATNSPÍPA |
| PEH | POLYETHYLEN PLASTRÖR, BURÐARGETA SN8 |
| PL | PLASTPÍPUR ÚR PVC, PEH, VDR EÐA KG2000 |
| PN | PÍPA NIÐUR |
| PP | POLYPROPYLEN PLASTRÖR |
| PP GR | POLYPROPYLEN PLASTRÖR FYRIR UMFERÐARÁLAG SN8 |
| PU | PÍPA UPP |
| PVC | POLYVINCLORID PLASTRÖR |
| PVC-G | POLYVINCLORID PLASTRÖR, GATAÐ |
| RK | RENNSLISKÓTI |
| RV | RÆSTIVASKUR |
| SK | SLÖNGUKRANI |
| SN | SVALANIÐURFALL |
| SN4 | PÍPA MEÐ STYRKLEIKA UPPÁ 4 kN/m² |
| SN8 | PÍPA MEÐ STYRKLEIKA UPPÁ 8 kN/m² |
| ST | STURTA |
| STR | STEINSTEYPT RÖR |
| SV | SKOLVASKUR |
| UÞV | UPPÞVOTTAVÉL |
| VDR | POLYETHYLEN PLASTRÖR. |
| VL | VATNSLÁS |
| VS | SALERNI |
| ÞK | HÖGGDEYFIR (t.d. Flexsof) |
| ÞN | ÞAKNIÐURFALL |
| ÞN-R | ÞAKNIÐURFALL MEÐ RAFHITUN |
| ÞS | ÞVAGSKÁL |
| ÞV | ÞVOTTAVÉL |

**FRÁGANGUR DRENLAGNA 1:20**




Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Yfirfarið
24. júní 2018
Byggingarfulltrúi

Afstöðumynd 1/500




170364-7559
ÁRITUN HÖNNUNARSTJÓRA STAÐFESTIR SAMRÆMINGARYFIRFERÐ

| ÚTGÁFUNR. AÐALUPDRÁTTAR | DAGSETNING |
|---|---|
| | |

| ÚTGÁFA | | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|
| | | | |

**Kerhraun 133**

Lagnir
Skýringar
Afstöðumynd
5078

| | | | |
|---|---|---|---|
| HANNAÐ ÁB | TEIKNAÐ ÁB | MKV. 1/500, 1/20 | VERKNR. 17-065 |
| SAMÞ. | | SKRÁ Lagnir | TEIKN. NR. P 00 |
| NAFN OG KENNITALA Ágúst Birgisson kt.160557-4199 | | DAGS. 07.05.2018 | |


VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA FRV
TRYGVAGÖTU 11, 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 561 9040 FAX: 561 9044
NETFANG: vidsja@vidsja.is
www.vidsja.is